

6. árgangur

1. tölublað

Júní 1969

Góðir félagar:

Þetta fyrsta tölublað okkar á árinu 1969 er heldur seint á ferðinni af ýmsum orsökum, en þar sem því er ætlað, meðal annars efnis, að flytja fréttir af því, sem er að gerast, og efst er á baugi hjá stjórn félagsins hverju sinni, finnst mér rétt að skýra frá, í stórum dráttum, því sem skeð hefur frá þeim tíma, er núverandi stjórn tók til starfa í febrúar síðastliðnum.

Það var ljóst, jafnvel fyrir aðalfundinn í febrúar, að Póst og símamálastjórnin hugðist endurskoða nógildandi reglugerð fyrir radioamatöra, og hafði óskað eftir breytingartillögum frá IRA þar að lútandi. Það var því fyrsta verkefni stjórnarinnar til að fást við. Við endurskoðun reglugerðarinnar voru haldnir átta stjórnarfundir (á 1 1./2 mánuði), en það er líklega met í sögu félagsins frá upphafi, enda vonumst við vissulega eftir árangri af því erfiði, en það á eftir að koma í ljós, þegar nýja reglugerðin kemur út, ljósrit af bréfinu með breytingartillögum okkar, lá síðan frammi fyrir félagi á rabbfundi er haldinn var að Kaffi Höll í apríl.

Það er sannarlega von okkar, að með tilkomu nýrrar reglugerðar, veiti P&S íslenskum radioamatörum réttindi, til samræmis við það, sem bezt gerist hjá. radioamatörum annara þjóða.

Eitt af markmiðum þessarar stjórnar er að reyna að styrkja sambandið milli P&S og IRA, sterkur tengiliður þarna á milli gæti orðið báðum aðilum að gagni, þess vegna var því vel tekið, er upp kom tillaga innan stjórnarinnar, að tilnefndur yrði einn talsmaður frá IRA, er annaðist viðræður við forsvarsmenn P&S. Jóhannes '3JJ var einróma kjörinn til þessa starfs, og hefur hann nú þegar haft nokkrar vinsamlegar samræður við P&S um málefni radioamatöra.

Þá er að geta undirbúnings stjórnarinnar að sumarstarfi, fyrir þá sem hafa áhuga á því.

Okkur kom saman um, að "Refaveiðar" voru líklegar til að vekja áhuga félagsmanna, og tók Marteinn, '3MA að sér að undirbúa þær, og einnig að setja saman hentugt tæki til veiðanna, þannig að þeir, sem ekki hafa tæki nú þegar, gætu þar fengið góða forskrift til að fara eftir, hann ætlar einnig, eins og áður er sagt að undirbúa veinarnar sjálfar, og vonandi leitar hann eftir aðstoð til félagsmanna ef þörf er á.

Þá er einnig ákveðið að halda áfram með "tjaldbúðalífið", sem reynt var síðastliðið sumar, en þar höfum við fengið til starfa nafnana Birgir, '3BB, og Birgir, '3BT, sem ætla, ásamt fleirum, að sjá um allan undirbúning að þessu, og er vonandi, að við verðum heppnari með veður og "condition", þegar lagt verður upp að þessu sinni.

Að lokum er rétt að geta þess, að nú er að ljúka námskeiði á vegum IRA í morse og radiofræði, sem staðið hefur yfir frá því í nóvember.

Kennslu í morse önnuðust þeir Jón, '3JA, og Marteinn, '3LMA, en kennslu í radiófræði annaðist Einar, '3EA, og má. ætla að ef vel gengur getum við átt von á átta nýjum amatörum í loftið bráðlega, enda er þetta bezta útkoma er náðst hefur á námskeiðum IRA til þessa.

Fleiri fréttir eru ekki að sinni, en ég vil hvetja alla félagsmenn að taka þátt í sumarstarfinu, og mun verða tilkynnt bréflega hvenær það. hefst.

73 TF-3-HS

- - o o O o o - -

Tveir félagsmenn, þeir Ólafur P. Jakobsson, '3UJ, og Einar Símonarson, hafa brugðist drengilega við áskorununinni um að senda blaðinu efni. Ólafur sendir blaðinu nokkra lauslega þýdda smápætti um ýmis efni til fróðleiks, og fara nokkrir þeirra hér á eftir. En auk þess hefur hann tekið saman og þýtt lauslega það sem í QST er kallað "Hints- and Kinks", sem eru notadrjúgar ábendingar um lausn á ýmsum vanda. Þeim verður lætt inn á milli í þessu og næstu blöðum.

Einar Símonarson sendir blaðinu þrjú rafmagnsdæmi, sem birt eru hér aftar í blaðinu. Svör við þessum dæmum munu birtast í hausthefti CQ TF. Einar hefur einnig sent frá sér mjög fróðlegan orðalista, þar sem gefin er þýðing á algengustu tækniorðum á þremur tungumálum, þ.e. dönsku - ensku - íslenzku ! Listinn er sniðinn eftir færeyska listanum á dönsku - ensku og færeysku, sem birtist fyrir nokkru.

(TF3PI)

- - o o O o o - -

Q - Kerið

Q-kerfið var viðurkennt á alþjóðlegri rástefnu ó London árið 1912, til þess að auðvelda viðskipti við og á milli skipa. Mörg af hinum 50 upprunalegu táknum eru enn í fullri notkun greiningu sumra hefur verið breytt, og í sumum tilfellum hafa amatörar sinn einkaskilning á hvað viðk. tákn þýðir, t.d. QSL


(TF3OJ)

- - - - -

Þrjú rafmagnsdæmi.


Þessi dæmi eru þeim ætluð er skemmtun í því að glíma við einfaldar rafmagnsprautir.

- 1) Hver eru við nám mótstaðanna R_1 og R_2 ?




- 2) Myndin sýnir spennugjafa með klemmurnar a og b, spennumæli með svo háu innra viðnámi, að segja má að hann dragi engann straum og tvær mótstöður $R_1 = 910 \text{ ohm}$ og R_2 , sem er óþekkt. Þegar spennumælirinn er tengdur við a og b sýnir hann 9 V. Þegar R_1 er tengd yfir mælinn sýnir hann 8,19 V, en ef R_2 er sett í staðin fyrir R_1 sýnir mælirinn 7,65 V.

Hvert er viðnám mótstöðunnar R_2 ?



- 3) Ef mótstöðurnar R_1 og R_2 eyða til samans 4W, hver er þá spennan E?



CQ

CQ varð fyrst til á ensku ritsímalínunum fyrir upb. einni öld, og þýddi þá: "Allar ritsímastöðvar eiga að taka niður eftirfarandi skeyti", þeas. mjög svipað og núverandi QST og QNC.

Eins og mikið af viðskiptataækni ritsímans, fluttist CQ yfir í radioviðskipti, þegar þau urðu til, t.d. var það notað af Marcony - fyrirtækinu sem almennt kall til allra skipa.

Önnur fyrirtæki notuðu \overline{KA} þar til alþjóðleg ráðstefna í London (1912) viðurkenndi CQ sem almennt kall eða "takið eftir" merki.

CQ þýðir í rauninni enn "takið eftir", en notkun amatöra á því var vel lýst af manninum, sem sagði, að það væri eins og kalla "hay Mac" niður í skólpræsakerfi.

Neyðarkallmerkið.

Neyðarkallið, sem amatörar nota, QRRR, varð til í hinum fyrstu skipulögðu neyðar- "nets", sem amatörar ráku. Þau voru sett upp í borgum meðfram Pennsylvania járnbrautinni, (og síðar öðrum járnbrautarleiðum), til að hjálpa "Pennsy" með viðskipti ef ritsímalínurnar biluðu, - sem kom oft fyrir.

Merkið QRR var fyrst í stað notað til að gefa til kynna að stöðin hafði e.k. forgangsskeyti í sambandi við járnbrautina, síðan viðurkenndi A.R.R.L. þetta kall handa öllum amatörum til að nota í neyðartilfellum, og síðar var því breytt í CQD vegna þess að skilgreiningu á því og hinu alþjóðlega Q merki bar ekki saman.

Eitt af fyrstu neyðarköllunum var CQD, sett saman um 1904 af Marcony - fyrirtækinu úr hinu almenna kalli CQ og stafnum D, sem táknaði "distress". - Einn aðal gallinn við CQD var, að ætlast var til að eingöngu skip, sem höfðu sambönd við stöðvakerfi Marcony - fyrirtækisins notuðu það, og á þessum tímum var það litið illum augum ef skip, sem tilheyrðu einu stöðvakerfi til hafði viðskipti við skip eða strandstöðvar annars fyrirtækis, svo hörð var samkeppnin.

Vandræðin, sem af þessu hlutust urðu slík, að málið var tekið upp á alþjóða radíó ráðstefnunni 1906, sem kom sér saman um almennt neyðarkall.

Bandaríska sendinefndin kom með tillögu um NC, sem þá þegar hafði verið viðurkennt í "the International Signal Code for Visual Signaling". Þýzka nefndin stakk upp á SOE, sem þá var í notkun á þýzkum skipum sem almennt kall svipað og CQ, en CQ var þá aðeins notað af Marconi - fyrirtækinu. Brezka nefndin mælti hins vegar með CQD.

Ráðstefnan gat sætt sig við SOE að öðru leyti en því, að E-ið mátti hæglega Missa í truflunum, svo S var sett í staðinn og útkoman varð SOS.

Ennfremur var ákveðið að \overline{SOS} skyldi sent sem einn stafur, en strikið yfir þýðir það einmitt, og þar sem enginn stafur var svipaður mundi það vekja athygli þeirra sem heyrðu.

Eftir þetta var SOS viðurkennt opinberlega, en CQD notað enn um nokkurt skeið, aðallega af brezkum skipum.

Það gerðist svo ekki fyrr en eftir Titanic slysið, 1912 að SOS varð einsráðandi og notkun á CQD lagðist smám saman af.

Loftskeytamaðurinn á Titanic sendi bæði CQD og SOS til að koma, í veg fyrir hugsanlegan misskilning.

(Lauslega snarað af TF30J)

- - - - -

Fréttatilkynning frá TF3JJ

"FIMMAN"

Þrír Akureyringar, áhugasamir um amatörradíó, komu saman 12. apríl s.l. og stofnuðu með sér klúbb, sem þeir kalla "Fimmuna", klúbb radíóamatöra á Akureyri. Nafnið höfðar til svæðisnúmers í kallmerkjum Akureyskra amatöra. Þeir, sem þarna voru að verki eru: Geir Ágústsson, - sem kosinn var ritari klúbbsins, Aðalstræti 70, Haukur Karlsson, Norðurgötu 6, og Kjartan Stefánsson, Strandgötu 21 og eru því fjórir radíóamatörar á Akureyri, en TF5TP, Þórhallur Pálsson, hefur verið nýliðunum hjálplegur með ráðleggingar og ábendingar. Klúbburinn ætlar að byrja starfsemi sína með því að verða sér úti um bókakost til náms og er síðan ætlunin að komast yfir húsnæði, og þegar fjárhagurinn skánar, mælitæki.

Það er víst engum blöðum um það að fletta, að þessi frétt er einhver hin bezta, sem stjórn I.R.A. gat fengið, þar sem það er skoðun hennar, að amatörstarfsemin verði að efla hér á landi, og það verður. bezt gert með auknum fjölda áhugasamra félaga. Akureyringarnir eru hvergi hræddir, þótt mörg ljón séu í veginum, eins og t.d. það, að þeir verða að líkindum að koma hingað suður til að láta prófa sig í amatörfræðum, erfiðleikar við útvegum efnis o.s.frv. Allir eru Norðanmenn félagar í I.R.A. og bjóðum við nýliðana velkomna í félagið, óskum klúbbum langra lífdaga og mikils fjölda áhugasamra félaga, og ekki ætti að þurfa að taka það fram, að við Sunnanmenn munum aðstoða þá á allan þann hátt, sem okkur er fært.

TF3JJ

- - o o O o o - -

"Hints and Kinks"

- Stór göt á chassisa er hægt að gera á eftirfarandi hátt: 1) Markið útlínur gatsins.
- 2) Borið gat í miðju þess svæðis.
- 3) Sagið úr því gati á nokkrum stöðum að útlínunum, og brjótið af með töng þá hluta, sem þannig afmarkast.

Gúmmí grommets, fest á venjulegan hátt, eru ágætis fatur og renna jafnvel síður til en venjulegir.

Ef ykkur vantar litla takka, athugið þá hvernig gengur með tappa af tannkremstúbum, það má líma þá t.d. með UHU-plus.

- - - - -

- R A B B F U N D U R - =

Rabbbfundur var haldinn á vegum I.R.A. þ. 13 apríl s.l. í Café Höll. Þátttaka var heldur dræm, venju samkvæmt, og munu þátttakendur hafa verið milli 25-30. Frammi lágu tillögur stjórnarinnar til Póst' og símamálastjórnarinnar um breytingar á reglum um amatörstöðvar. Sýnd var kvikmynd til fræðslu og upplýsingar mannskapnum og kynt undir stöð, góðri, í þeirri von að krækja mætti í DX, en sú von brást, því bönd voru lokuð. Matti, 3MA, var hinn ógæfusami yfirkyndari við þetta tækifæri, og eina sambandið, sem hann náði í, var lélegt samband við Garðar, TF 2 IC í "Hólminum".

Margir félagar sýndu áhuga á refaveiðum, og er það von stjórnarinnar, að a.m.k. tvennar refaveiðar verði haldnar í sumar. e.t.v. þrennar.

Áberandi var hversu fáir sendiamatörar komu til fundarins og er sérstök ástæða til að hvetja þá til að sækja fundi betur en verið hefur, því að sjái yngri félagar lítinn áhuga hjá hinum eldri, steindrepur það þá áhugaglóru, sem leynast kann með þeim. Sýnum áhuga okkar á starfsemi I.R.A. í verki með því að koma til funda og með því að starfa fyrir félagið, sé farið fram á, það. Og til gamans má hnýta því hér aftan við, til að sýna mátt samvinnunnar, að frændur vorir Færeyingar hafa keypt sér hús fyrir starfsemi sína. TIL HAMINGJU OY-ARAR !!

(TF 3JJ)

- - o o O o o - -

Aðalfundur

Aðalfundur I.R.A. var settur kl. 14.45 að Café Höll laugardaginn 1: febrúar. Fundinn sóttu 27 félagsmenn. Varaformaður, Jón Jónsson setti fundinn í fjarveru formanns, en fundarstjóri var kosinn Jóhannes Jóhannesen og fundarritari Páll Gröndal. Í upphafi fundarins minntist varaformaður Þorsteins Gíslasonar, sem lézt á árinu. Í skýrslu varaformanns yfir starf síðasta árs kom fram eftirfarandi:

- 1) Haldinn var fræðslufundur, þar sem Ríkharrður Sumarliðason sýndi kvikmyndir.
- 2) Almennur kynningarfundur var haldinn í húsi Slysavarnarfélagsins. Um 80 manns mættu, flestir utanfélagsmenn og nokkrir gamlir félagar eins og Bergur Gíslason.
- 3) Þann 8. september var lagt upp á Úlfarsfell (10 menn), en tveir þeirra dvöldu næstu nótt og fram á sunnudag. Hrepptu þeir aftaka veður og misstu niður hátt loftnetsmastur. Varaformaður kvað menn ákveðna að reyna aftur, þrátt fyrir slæma reynslu. Hugmyndin um "Field-day" kom fyrst fram á fundi fyrir 2-3 árum, þá borin fram af George Howser.
- 4) Vilhjálmur Kjartansson hélt námskeið í transistortækni og theoriu.
- 5) Einn af framkvæmdastjórum A.R.R.L., Dick Baldvin, dvaldi í sólarhring í Reykjavík. Stjórn félagsins tók á, móti honum og á sér stökum fundi ræddi hann um væntanlegt alþjóðþing og afstöðu hinna ýmsu þjóða til málefna radioamatöra. Fyrr um daginn ræddi Dick við póst- og, símamálastjóra, Gunnlaug Briem.

6) Morsnámskeið var haldið í ágætri umsjón Marteins Sverrissonar. nemendur mjög áhugasamir. Í athugun væri theoriu-kennsla. Gjaldkeri, Marteinn, lagði síðan fram reikninga félagsins. Kom meðal annars fram, að ógreidd félagsgjöld námu ca. 10-20 þús. Reikningarnir voru samþykktir mótatkvæðalaust.

Engar lagabreytingar lágu fyrir og var næst gengið til stjórnarkjörs.

Stjórnin bar fram tillögu um formann Hallgrím Steinarsson og hlaut hann einróma klapp.

Tillaga stjórnarinnar um fjóra stjórnarmeðlimi, sem kjósa átti í stjórn, var einnig samþykkt án leynilegrar atkvæðagreiðslu. Hinir nýju stjórnarmeðlimir eru: Jóhannes Jóhannesen, Marteinn Sverrisson, Jón Þ. Jónsson, Garðar Gíslason.

Endurskoðendur voru kosnir Carl J. Eiríksson, Ívar Þórarinsson og til vara Guðmundur Jóhannesson.

Eftir kaffihlé voru tekin fyrir önnur mál. Marteinn bar fram kveðjur til félagsmanna frá TF3AU og KB í Þrándheimi.

Barker, Chief of electronics and communication at Keflavík, bað um að mega segja nokkur orð. M.a. sagðist hann vera nýkominn til landsins og vonaðist til að þeir í Keflavík fengju að operera á öllum böndum innan skamms.

Hinn nýkjörni formaður kvaddi sér hljóðs og bað þá fundarmenn gefa sig fram, sem vildu leggja farm einhverja vinnu við þau verkefni, sem við blöstu, m.a. loftnet (færanlegt) fyrir 80-20 m. Flestir fundarmanna réttu upp hendi.

George Howser stóð upp og mælti með því, að ef halda átti "Field-Day" yrði það undirbúið 6 mánuðum fyrirfram, til þess að "fiasko", eins og í fyrra, endurtæki sig ekki. Hann lagði til að sérstök nefnd yrði stofnuð til að sjá um málið.

Formaður svaraði með nokkrum orðum og tók fram m.a. að hér væri ekki um eiginlegan "Field-Day" að ræða, heldur væri fremur átt við nokkurskonar þjálfun í neyðarviðskiptum, eða aðeins til þess að komast út úr þænum til að operera.

Að lokum var hin nýju stjórn falið að útvera nýjan QSL manager í stað Hallgríms. QSL-manager er nú Ívar Þórarinsson.)

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 16.00

- - o o O o o -

Hljóðnað merki

Í janúar síðastliðnum lézt á Seyðisfirði Þorsteinn Gíslason, TF6GI. Þorsteinn mun vera fyrsti áhugamaðurinn, ásamt Friðbirni Aðalsteinssyni, sem náði loftskýtasambandi á Íslandi. Þeir félagar náðu sambandi við skip undan ströndum Íslands kringum 1910 með neistasendi á 500 KHz, en notuðu x-tal viðtæki til móttöku.

Þorsteinn gerðist félagi í I.R.A. þegar við stofnun þess, en varð ekki aktívur amatör fyrr en á árunum 1958-9, er landssíminn lánaði honum Collins tæki. Vegna heilsuleysis á seinni árum heyrðist ekki oft í TF6GI, en hann mun mestmegnis nafa opererað á 80 og 40 m.

Þorsteinn var samvizkusamur sarfsmaður Landssímans alla æfi og þeir amatörar, sem þekktu hann, lýsa honum þannig, að hann hafi verið einn af almestu sjentilmönnum amatöra í loftinu. I.R.A. kaus Þorstein heiðursmeðlim árið 1965, og við kveðjum hann með ósk um, að félagið eignist sem flesta slíka drengi sem félagi.

Slökkvitæki!
Hvað er nú það ????

Það er von að þú spyrjir, hvað margir radióamatörar hér á landi, hafa slökkvitæki handbær við "shackinn" sinn í dag ???
Hvé mikil eldhætta er að amatörsendistöð???
Hvað langan tíma ætli það taki, að slökkva eld í sendistöð eða viðtæki ef ekki væri slökkvitæki við hendina ???

Allavega er of seint að fá svar við öllum þessum spurningum þegar allt er brunnið, væri ekki betra að snúa sér að því strax, að kaupa sér slökkvitæki, og vera öruggur.
Við eigum til slökkvitæki sem henta mjög vel, lítil og létt en slökkva mjög vel eld, og óhætt að nota þau á mjög háa spennu, já þau eru nokkuð dýr, en það gæti borgað sig.
Talið við okkur sem fyrst.



SELJAVEGI 12 - REYKJAVÍK - Sími 13381